

Lykiltölur:	2014	2013
Innsendar upplýsingar frá almenningi	1056	755
Myndir settar á vef Ljósmyndasafnsins	6346	4037
Fjöldi vinnufunda / fjöldi gesta	19 / 316	
Upplýsingar um myndir á vinnufundum	538	
Fjöldi afgreiddra mynda	235	131

Ljósmyndavefur

Á vef Ljósmyndasafns Akraness voru settar 6.346 (4.037) myndir á árinu en alls eru um 46.775 (40.427) myndir á vefnum.

Styrkir

Ljósmyndasafnið fékk *Stofn-og rekstrarstyrk frá Menningarráði Vesturlands*, kr. 500.000 - til að vinna að framþróun ljósmyndavefsins og við frágang filma/mynda í varanlegar umbúðir.

Afhendingar

Nokkrar stórar afhendingar voru á árinu :

Vitinn, félag áhugaljósmyndara á Akranesi, afhenti þann 30. maí Akraneskaupstað ljósmyndir af öllum húsum á Akranesi. Myndirnar eru á stafrænu formi og verða varðveittar hjá Ljósmyndasafni Akraness. Þetta eru um 2.900 myndir, 12,8 GB af gögnum. Myndirnar voru teknar á sl. tveimur árum.

Afhendingin fór fram í Svöfusal, Gunnar Viðarsson afhenti myndirnar fyrir hönd félagsmanna að viðstöddum bæjarstjóra, félögum frá Vitnum og starfsfólki bókasafns og ljósmyndasafns .

Haraldur Sturlaugsson afhenti Ljósmyndasafni Akraness veglegt safn ljósmynda, sögusýninga og myndskreiða fyrr þann 5. nóvember. Safnið er mestmegnis á vefsíðu sem Haraldur hefur haldið úti í nokkur ár og heitir Haraldarhús og er á vefslóðinni www.haraldarhus.is. Það var Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri sem tók á móti safninu fyrir hönd Akraneskaupstaðar. Ljósmyndasafn Akraness og Haraldarhús hafa í gegnum árin átt gott samstarf og er markmið með afhendingu safnsins að tryggja og varðveita safnið í gagnagrunni Akraneskaupstaðar.

Dúi Landmark afhenti 6. október filmusafn sitt frá tímabilinu 1980-1985, m.a. frá því hann ljósmyndaði fyrir Bæjarblaðið. Bæjarblaðið kom út á Akranesi á árunum 1979-1986.

Sýningar

Á sumardaginn fyrsta opnaði ljósmyndasýningin **“Börnin á Vesturgötu”**, en það voru myndir sem Bjarni Árnason (1901-1960) tók. Bjarni var frá Brennistöðum í Flókadal, lengi búsettur á Akranesi.

Á Vökudögum var sýning í tilefni af *150 ára afmæli Bókasafnsins* og voru þá sýndar m.a. ljósmyndir í eigu Ljósmyndasafnsins.

Vinnufundir

Þann 19. mars var fyrsti vinnufundur Ljósmyndasafnsins og Héraðsskjalasafnsins, þar sem óskað var eftir þátttöku almennings við að greina óskráðar myndir og bæta við upplýsingum um myndir á vef Ljósmyndasafnsins. Mjög góð þátttaka var starx og mikill ávinningur af fundunum. Vinnufundir voru einu sinni í viku, kl. 10-12 á miðvikudögum yfir vetrarmánuðina. Að jafnaði komu um 20 manns.

Rekstur

Ljósmyndasafnið er deild í Héraðsskjalasafni Akraness og rekstur þess og Héraðsskjalasafnsins er færður með rekstri Bókasafns Akraness. Enginn fastráðinn starfsmaður er við safnið, en deildarstjóri á Bókasafni, Nanna Þóra Áskelsdóttir sinnir safninu í 40% starfi.

Ljósmyndavefurinn er hannaður af Jóhanni Ísberg. Öll þróunarvinna hefur verið unnin í samvinnu við starfsfólk Ljósmyndasafnsins. Nú er 3. útgáfa vefsins í notkun.

Að lokum viljum við minnst eins af hollvinum safnsins Helga Daníelssonar, fyrrverandi lögreglumaður og áhugaljósmyndari, sem lést 1. maí 2014, 81 árs að aldri. Hann var einn af upphafsmönnum Ljósmyndasafns Akraness og dyggur stuðningsmaður þess alla tíð.

10. apríl 2015

Nanna Þóra Áskelsdóttir